

AUGLÝSING

um endurgreiðsluhlutfall söluskatts fiskvinnslufyrirtækja.

Með vísan til ákvæða fjárlaga fyrir árið 1988 og 1. gr. laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, hefir sjávarútvegsráðuneytið ákveðið eftirfarandi hlutfall endurgreiðslu af aðföngum fiskvinnslu, sem miðað er við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu. Gildir það um útflutning frá og með júní 1988 til og með ágúst 1988.

1. Frysting	2,0%
2. Rækjuvinnsla	2,0%
3. Hörpudiskvinnsla	4,5%
4. Sildarsöltun	1,5%
5. Söltun	1,5%
6. Hersla	2,0%
7. Mjöl- og lýsisvinnsla	3,5%
8. Lifrarlýsi	2,5%

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

Nr. 360

19. júlí 1988

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 536, 4. desember 1987, með síðari breytingum.

1. málsg. 3. greinar orðist svo:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli	kr. 2.04
fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli	kr. 17.20
fyrir hvern rúmmetra vatns.	

Framangreindir taxtar eru án niðurgreiðslu. Af íbúðarhúsnæði er niðurgreiðsla úr ríkissjóði kr. 0,56 fyrir hverja kílóvattstund, sem kemur til frádráttar á viðkomandi reikningi.

Aðrar málsgreinar 3. greinar haldast óbreyttar.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 19. júlí 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.